

**Ed. 625. Frumvarp til laga [341. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Egill Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Magnúsi Þorleifssyni, nnr. 6293-5626, eyðijörðina Streiti í Breiðdalshreppi.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.–5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. l. nr. 90/1984.

Þá skal við söluna undanskilið nauðsynlegt land vegna vegagerðar í landi jarðarinnar, svo og land undir vita í Streitishorni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Magnúsar Þorleifssonar, Mávanesi 21, Garðabæ, að fengnum meðmælum hreppsnefndar Breiðdalshrepps. Jörðin Streiti er nú í eyði og hyggst Magnús nýta hana fyrir æðarrækt, angórákanínur, garðrækt o.fl. en enginn fullnægjandi húsakostur fyrir hefðbundinn búrekstur er þar nú fyrir hendi.

3.–5. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. l. nr. 90/1984, hafa að geyma ákvæði sem almennt gilda um sölu ríkisjarða. Við sölu jarðarinnar verður að undanskilja nauðsynlegt land undir vita sem reistur hefur verið af Vitastofnun Íslands á svokölluðu Streitishorni, svo og nauðsynlegt land undir nýjan veg sem Vegagerð ríkisins ráðgerir að leggja skv. „langtíma-áætlun“ eftir endilöngu landi jarðarinnar.

Umsagnir hreppsnefndar Breiðdalshrepps og jarðanefndar Suður-Múlasýslu um sölu jarðarinnar eru fylgiskjöl með frumvarpinu ásamt bréfi Magnúsar varðandi málið til landbúnaðarráðuneytisins. Einnig fylgir endurrit úr landamerkjabók Suður-Múlasýslu varðandi landamerki jarðarinnar.

### Fylgiskjal I.

Hr. Jón Helgason ráðherra  
landbúnaðarráðuneyti, jarðadeild  
Arnarhvoli.

Garðabæ, 9. okt. 1984.

Ég undirritaður leyfi mér hér með að óska þess að ríkissjóður selji mér jörðina Streiti í því ástandi sem jörðin er enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.

Móðir mín er fædd á Streiti og dvaldist þar til fullorðinsára. Þessi jörð hefur verið byggð ábúendum í gegnum tíðina og á ýmsu gengið en nú situr þar enginn og nauðsynlegur húsakostur með búrekstrarstöðu ekki fyrir hendi.

Jörðina hyggst ég nytja m.a. fyrir æðarfugl, angórákanínur, garðrækt o.fl. meðan á uppbyggingu stendur sem verður bæði kostnaðarsöm og tímafrek, en þess virði ef samningar takast.

Virðingarfyllt,  
*Magnús Þorleifsson,*  
Mávanesi 21,  
210 Garðabæ.

## Fylgiskjal II.

Sveitarstjóri Breiðdalshrepps.  
Breiðdalsvík, 20. nóv. 1984.

Landbúnaðarráðuneytið,  
hr. Skafti Benediktsson  
Arnarhvoli  
Reykjavík.

Útskrift úr fundargerðarbók hreppsnefndar Breiðdalshrepps:  
„Fundur í hreppsnefnd Breiðdalshrepps, haldinn 16. nóv. 1984 á skrifstofu hreppsins.  
1. mál. Bréf frá landbúnaðarráðuneyti, dags. 7. nóv. 1984, þar sem óskað er umsagnar hreppsnefndar um umsókn Magnúsar Þorleifssonar, Mávanesi 21, Garðabæ, að fá keypta jörðina Streiti í Breiðdal.

Hreppsnefndin samþykkir samhljóða þetta erindi.  
Guðjón Sveinsson (sign.), Stefán N. Stefánsson (sign.), Bragi Björgvinsson (sign.), Baldur Pálsson (sign.), Lárus Sigurðsson (sign.).“

Útskrift staðfestir,  
*Björn Björgvinsson,*  
sveitarstjóri.

## Fylgiskjal III.

Jarðanefnd Suður-Múlasýslu.  
Lindarbrekku, 10. desember 1984.

Úr fundargerð jarðanefndar, 8. des. 1984:  
„Viðvíkjandi jörðinni Streiti í Breiðdalshreppi.  
Bréf landbúnaðarráðuneytisins, dags. 7. nóv. 1984. Þar er beðið um umsögn jarðanefndar um væntanlega sölu á jörðinni Streiti í Breiðdalshreppi til Magnúsar Þorleifssonar, Mávanesi 21, Garðabæ.

Einnig ljósrít af bréfi frá umsækjanda.  
Magnús Þorleifsson sótti um að fá byggða jörðina Streiti vorið 1983 og fékk samþykki viðkomandi aðila en dró umsókn sína til baka eftir að hafa skoðað jörðina. Síðan var jörðin leigð til nytja Einari Árnasyni, Felli, Breiðdalshreppi.

Umsókn hreppsnefndar Breiðdalshrepps liggur fyrir; þar er lýst hlutleysi í málinu.  
Jarðanefnd samþykkir að athuguðu máli að Magnús Þorleifsson fái keypta jörðina Streiti, en með skilyrðum:

Kaupandi, Magnús Þorleifsson, skuldbindi sig til að lána eða leigja Einari Árnasyni í Felli eða öðrum, eftir tillögum hreppsnefndar Breiðdalshrepps, þær landsnytjar sem hann þarf ekki að nota til eigin búrekstrar og gefi skriflegt loforð eða yfirlýsingu um það mál.“

Virðingarfyllt,  
f.h. jarðanefndar,  
*Gunnar Guðmundsson.*

#### Fylgiskjal IV.

##### **Endurrit úr landamerkjabók Suður-Múlasýslu (bls. 21).**

Landamerki Eydalakirkjujarðarinnar Streitis í Breiðdalshrepp innan Suður-Múlasýslu eru þessi:

Að austanverðu millum Streitis og Óss eru landamerki „Krossá“ er ræður frá sjó allt að upptökum í svokölluðum Naphornsbrekkum efst í fjalli uppi. Að sunnanverðu milli Streitis og Núps eru landamerki úr stóru bjargi sem er nokkuð nær Núpi en miðja vegu og heitir „Grásteinn“, lítið eitt fyrir ofan veginn, beinustu sjónhending til sjávar í varða sem þar er hlaðinn frá honum aptur sama sjónhending yfir í fjallsegg upp og þaðan stefnuna hið efra sem fjöllum hallar til Krossárupptaka.

Eydölum, 27. apríl 1884.

M. Bergsson,  
umráðamaður kirkjujarðarinnar Streitis.

Þessum landamerkjum kirkjujarðarinnar Streitis erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir:

Guðrún Bjarnadóttir, ábúandi á þremur hundruðum úr jörðinni Núpi.

Lísibet Jónsdóttir, ábúandi á fjórum úr Núpi.

Bjarni Þórðarson, ábúandi á Núpi.

Þorvarður Jónsson, ábúandi á hálfu Streiti.

Madam. Helga Guðmundsdóttir, ábúandi á hálfu Streiti.

Gunnar Jósefsson, ábúandi Ósi.

Þinglýst í Eydalamanntalsþingi, 27. júní 1884.

Jón Johnsen.

Rétt endurrit staðfestir  
skrifstofa sýslumanns í Suður-Múlasýslu,  
19. nóv. 1982, Eskifirði.